



Brúðir í bágingum

Þekktustu dæmi um brúðir í bágingum eru án efa Peach (*Super Mario Brothers* serían, Nintendo, 1985) og Zelda (*Legend of Zelda* serían, Nintendo, 1986). Frá 1985 til 2019 hefur Peach komið fram í 16 Super Mario leikjum og af þeim hefur henni verið rænt í 14 þeirra. Peach er stuðningskarakter þar sem hún þjónar yfirleitt ekki öðrum tilgangi en að vera kveikjan að svaðilförum Marios og hefur það hlutverk að þakka honum í lokin. Í *Super Mario 64* sem kom út árið 1996 frá Nintendo, sjáum við dæmigert atriði í Super Mario leikjum. Leikurinn byrjar á því að Mario fær bréf frá Princess Peach, þá betur þekkt sem Princess Toadstool, þar sem hún biður hann um að koma í kastalann sinn þar sem hún hefur bakað köku fyrir hann. Þegar Mario mætir kemst hann að því að Bowser, aðal vondi kall Mario seríunnar hefur tekið yfir kastalann og fangað prinsessuna og þjóna hennar. Mario þarf að safna 120 orkustjörnum til að opna hurðir viðsvegar um kastalann og á endanum sigra Bowser. Þegar sigur er í höfn þakkar prinsessan Mario með kossi á nefið og býður honum að koma inn því hún átti eftir að gefa honum köku. Þetta er því miður mjög algengt mynstur sem flestir Mario leikirnir falla inn í.

Ójafnvægi í þrímættinum

Hin brúðurin sem á enn þann dag í dag erfitt með að lenda ekki í bágingum er Zelda. Zelda prinsessa er ekki aðalkarakter Zeldu leikjanna sem hefur valdið miklum misskilningi meðal þeirra sem þekkja ekki leikina. Aðalkarakterinn sem spilarinn spilar er „kynlausa“ hetjan Link sem sér um að bjarga Zeldu. Þrátt fyrir kynlaust útlit þá er Link óumdeilanlega karlpersóna og þrátt fyrir að Nintendo hafi íhugað á tímabili að gera Link að kvenkarakter þá hefur það ekki verið gert og ýmis rök verið færð til að útskýra af hverju það virki ekki. Þegar Eiji Aonuma, framleiðandi Zelda seríunnar, var spurður í viðtali um nýjan leik af hverju Link væri ekki kvenkyns, sagði hann að þau vildu ekki raska jafnvægi Þrímáttarins (e. Triforce). Þrímátturinn er þríhyrningur sem inniheldur máttarstólpana kraftur, viska og hugrekki. Hann er gegnumgangandi þema í Zeldu leikjunum þar sem Link býr yfir hugrekki Þrímáttarins, Zelda býr yfir visku Þrímáttarins og Ganondorf sem er helsti andstæðingur Links og Zeldu drottnar yfir kvrafti Þrímáttarins. Aonuma vill meina að þar sem Zelda er augljóslega kvenkyns, þá myndi skipting Links yfir í kvenmann á einhvern hátt breyta stöðugleika hins skáldaða Þrímáttar, yfirmáttúrlaga kraftsins sem tekur reglulega breytingum ef það hentar duttlungum Nintendo. Það er því augljóst að Nintendo vill halda Link karlkyns en er ekki sannfærandi í rökstuðningi sínum, þríhyrningurinn er nú þegar ójafn með tvo karla og eina konu. Link er yfirleitt frekar óskrifaður karakter sem fær bókstaflega ekki rödd innan leiksins. Hann er gerður til að spilari geti séð sjálfan sig í honum – annað en Zelda sem fær yfirleitt rödd. Röddin er þó oftast skrifuð eða leikin og þá gjarnan til að hvetja Link eða til að þakka honum fyrir björgun.